

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 2004

Nr. 300

792

1. apríl 2004

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 3,1% af innflutningsverði (c.i.f.) sáðvöru, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 3,1% af söluverði innlendar sáðvöru (án vsk) sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. apríl 2004.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 301

1. apríl 2004

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,25% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,25% af söluverði innlendar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um.